

Kæra eða áfrýjun frestar ekki innheimtu iðnaðargjalds eða viðurlögum við van-greiðslu þess, en ef það er lækkað skv. úrskurði eða dómi, skal endurgreiða það sem ofgreitt hefur verið.

12. gr.

Rannsóknastofnun iðnaðarins, svo og skattyfirvöld, geta leitað úrskurðar iðn-aðarmálaráðherra um gjaldskyldu án tillits til frests þess, sem um ræðir í 11. gr.

13. gr.

Innheimtu iðnaðargjalds samkvæmt iðnaðargjaldsskrá annast þær stofnanir og embættismenn, sem innheimta tekju- og eignarskatt, og gilda allar sömu reglur um þá innheimtu og gilda um innheimtu tekju- og eignarskatts, eftir því sem við á. Sama gildir um skil innheimtuaðila á iðnaðargjaldi til ríkisféhirðis.

Ríkisféhirðir gerir skil til Rannsóknastofnunar iðnaðarins á því iðnaðargjaldi, sem hann hefur mótttekið frá innheimtumönnum ríkisins.

14. gr.

Rannsóknastofnun iðnaðarins greiðir ríkissjóði vegna kostnaðar af framkvæmd reglugerðar þessarar upphæð, sem skal nema 2% af innheimtu iðnaðargjaldi.

15. gr.

Iðnaðargjald er frádráttarbært sem rekstrarútgjöld við ákvörðun tekjuskatts og tekjuútsvars.

16. gr.

Við álagningu iðnaðargjalds árið 1966 af vinnulaunum 1965 skal reikna gjaldið af launum fyrir störf, sem unnin voru eftir 30. júní 1965.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftir-breytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarmálaráðuneytið, 29. apríl 1966.

Jóhann Hafstein.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjakaupstað.

Í samræmi við ákvörðun bæjarstjórnar Vestmanneyjakaupstaðar og samkvæmt heimild í 65, grein umferðarlaga nr. 26, 1958 hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð hér í kaupstaðnum.

1. Einstefnuakstur hefur verið ákveðinn á Bárugötu til suðurs frá Miðstræti að Vestmannabraut, og á Vestmannabraut til austurs frá Bárugötu að Kirkjuvegi.
2. Vinstri beygja er bönnuð af Vestmannabraut og Vesturvegi á Bárugötu.
3. Bannaður er akstur vestur af Kirkjuvegi á Vestmannabraut.
4. Biðskyldu skulu þessar götur hafa: Bárugata gagnvart Miðstræti og Strandvegi; Vesturvegur gagnvart Bárugötu og Heiðarvegi; Herjólfsgrata gagnvart Vesturvegi;

Kirkjuvegur gagnvart Vestmannabraut og ónefnd gata í framhaldi af Urðavegi gagnvart Kirkjuvegi.

5. Vestmannabraut hefur stöðvunarskyldu gagnvart Bárugötu.
6. Bannað er að leggja ökutækjum á Bárugötu frá Strandvegi að Miðstræti, á Kirkjuvegi að vestan frá Vestmannabraut að Miðstræti, og á Vestmannabraut frá Skólavegi að Bárugötu.
7. Tímabundið stöðuleyfi, 30 mínútur frá kl. 09.00 til kl. 19.00, verður veitt á Bárugötu sunnan Miðstrætis og á Vestmannabraut frá Bárugötu að Kirkjuvegi.
8. Hilmsgata verður lokuð við Kirkjuveg.
9. Á götum, þar sem einstefnuakstur er, skal leggja ökutækjum hægra megin götunnar, miðað við akstursstefnu, skv. 3. mgr. 51. gr. umferðarlaga.
10. Framúrakstur er bannaður á Bárugötu og Vestmannabraut.

Framangreindar reglur gilda frá og með 1. júní 1966 og verða sett upp umferðarmerki í samræmi við þær.

Þetta tilkynnist hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum, 7. maí 1966.

Jón Óskarsson, ftr.

AUGLÝSING

um umferð í Borgarneskaupúni.

Samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 26 1958, hefur hreppsnefnd Borgarnes-hrepps samþykkt eftirfarandi reglur um umferð í kaupúninu:

- I. Aðalbrautir:
Borgarbraut og Brákarbraut.
Á eftirgreindum gatnamótum njóta aðalbrautarréttar:
 1. Egilsgata gagnvart Bröttugötu.
 2. Skúlagata gagnvart Gunnlaugsgötu og Egilsgötu.
- II. Bifreiðastöður bannaðar:
Við Egilsgötu alla, sunnanmegin.
Við Borgarbraut frá Skallagrímögötu að Egilsgötu beggja megin.
Við Brákarbraut frá Egilsgötu að húsinu nr. 5 beggja megin.
Við götuna milli Þorsteinsgötu og Kjartansgötu beggja megin.
- III. Framúrakstur bannaður:
Á Borgarbraut milli Skallagrímögötu og Þórólfsögötu.
- IV. Umferðarmerki hafa verið og verða sett upp á viðkomandi stöðum í samræmi við reglugerð nr. 61 frá 24. marz 1959.

Þetta tilkynnist hér með öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, 3. maí 1966.

Ásgeir Pétursson.